



Reglugerð um félagaskipti

breytt 20.10.2025

1. grein

GILDISSVIÐ

Reglugerð þessi gildir um öll félagaskipti innan Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ).

2. grein

HLUTGENGI

Hlutengur til þátttöku í mótum á vegum KKÍ er hver sá leikmaður sem félagsbundinn er í félagi innan KKÍ, og uppfyllir að öðru leyti hlutengisreglur Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) á hverjum tíma.

3. grein

TÍMABIL FÉLAGASKIPTA

Félagaskipti yfir í sama félagslið og viðkomandi hefur áður spilað með innan sama keppnistímabils í tveimur efstu deildum karla og kvenna eru óheimil og taka félagaskiptin því ekki gildi fyrr en eftir 31. maí ár hvert.

Óheimilt er að spila með nema einu félagi í meistararaflokki í bikarkeppni KKÍ á sama keppnistímabili.

4. grein

FRAMKVÆMD FÉLAGASKIPTA

Beiðni um félagaskipti skal gerð á eyðublaði sem er útgefið af KKÍ. Beiðni um félagaskipti sendist til skrifstofu KKÍ og heimilt er að senda félagaskipti með pósti eða tölvupósti. Á félagaskiptablaði skal koma fram nafn, kennitala, netfang og símanúmer leikmanns, og nafn þeirra félaga er aðild eiga að félagaskiptunum. Eyðublaðið skal undirritað af viðkomandi leikmanni og lögmætum fulltrúa þess félags, sem gengið er úr. Fyrir félagaskipti skal leikmaður/félag greiða KKÍ ákveðið gjald sem ákveðið er af stjórn KKÍ. Einungis er hægt að afgreiða beiðni um félagaskipti eftir að viðkomandi félagaskiptagjald hefur verið greitt til KKÍ.

Félagaskipti leikmanns geta aldrei verið skilyrt, og við félagaskipti missir fyrra félag allt tilkall til leikmanns. Hafi verið gildur leikmannasamningur leikmanns við félag fyrir leikmannaskipti, er litið svo á að þeim samningi sé rift við félagaskipti leikmanns í annað félag.



KKÍ er ekki heimilt að veita leikmanni sem er 20 ára eða eldri félagaskipti eða leikheimild nema félagið sem leikmaðurinn hyggst ganga í sé skuldlaust við KKÍ. Miðað skal við mánuðinn sem ósk um leikheimild kemur til KKÍ.

4.1 Félagaskipti innanlands

Í öllum tilfellum félagaskipta leikmanna skal félagaskiptagögnum og greiðslum fyrir félagaskipti skilað til KKÍ fyrir kl. 16:00 á virkum dögum. Gögn sem berast síðar verða tekin til skoðunar næsta virka dag. Berist greiðsla vegna félagaskipta eftir kl. 16:00 á virkum dögum bíða félagaskipti til næsta virka dags. Erlendum leikmanni er einungis heimilt að ganga í annað íslenskt félagslið ef fram hefur komið skriflegt samþykki þess félags sem hann hyggst ganga úr. Aftur á móti ef sýnt er fram á að samningur við slíkan leikmann sé ekki lengur í gildi getur KKÍ samþykkt félagaskipti án samþykkis.

4.2 Félagaskipti erlendis frá

Félög sem óska eftir heimild fyrir leikmann með ríkisfang utan Íslands skulu senda umsókn þar að lútandi til skrifstofu KKÍ. Félög skulu einnig óska eftir því, sé þess þörf, að skrifstofa KKÍ saki um leikheimild (e. Letter Of Clearance/LOC) fyrir viðkomandi leikmann frá því landi sem hann lék í síðast, svo og önnur þau gögn sem kann að vera krafist til að leikmaður fái leikheimild, þar á meðal staðfestingur á að leikmaður sé tryggður hér á landi.

Það félag sem sækir um LOC ber ábyrgð á því að greiða öll þau gjöld sem til falla hjá FIBA og KKÍ.

4.3 Félagaskipti við lok félagaskiptaglugga

Allar beiðnir um félagaskipti þurfa að berast fyrir lok félagaskiptaglugga. Við lok félagaskiptaglugga mega gögn berast eftir lokun gluggans, svo sem staðfestingar frá viðeigandi stofnunum. Hafi verið óskað eftir leikheimild til KKÍ fyrir lok glugga, þá getur KKÍ afgreitt beiðnina um leið og öll önnur skilyrði vegna félagaskipta hafa verið uppfyllt, þó búið sé að loka félagaskiptaglugganum.

Ef skilyrðin eru ekki uppfyllt innan framangreinds frests verður leikmaður ekki löglegur með hinu nýja félagi fyrr en félagaskiptatímabil opnast að nýju. Skal KKÍ tilkynna leikmanni/félagi eins fljótt og kostur er hvort leikmaður sé löglegur með hinu nýja liði eða ekki.

Við lok félagaskiptaglugga hverju sinni skal heimila skilum á félagaskiptagögnum og greiðslum á félagaskiptagjöldum leikmanna innan þess dags áður en félagaskiptaglugginn lokar á miðnætti. Félög skulu einnig vera búinn að gera upp við KKÍ í þeim tilfellum þar sem leikmenn eru eldri en 20 ára. LOC gjöld er hægt að greiða eftir lok félagaskiptaglugga, eins og ástæða er til hverju sinni.

5. grein

GILDISTAKA FÉLAGASKIPTA

Ef leikmaður uppfyllir hlutengisreglur og beiðni hans uppfyllir formreglur reglugerðar þessarar, verður leikmaður löglegur með hinu nýja félagi um leið og greitt hefur verið fyrir félagaskiptin og KKÍ hefur samþykkt slíka beiðni.

Erlendir leikmenn fá ekki leikheimild fyrr en KKÍ hefur borist:

- Vottorð um tryggingu á Íslandi (hluti af gögnum sem þarf að skila til UTL)
- Útfyllt skráningarblað til FIBA
- Afrit af vegabréfi leikmanns



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS - ICELANDIC BASKETBALL ASSOCIATION

Íþróttamiðstöðin Laugardal · Engjavegi 6, 104 Reykjavík · kki@kki.is Sími: [+354] 514 - 4100 Fax: [+354] 514 - 4101 · www.kki.is

- Letter of Clearance sé komið til KKÍ eða búið sé að skila inn „Self-Declaration“ eyðublaði fyrir leikmenn sem koma beint frá USA og hafa ekki leikið innan FIBA áður
- Staðfesting á atvinnu- og dvalarleyfi frá VMST

Erlendir leikmenn sem skráðir eru í lið hérlandis hafa ekki leikheimild innan tímabilsins hafi ekki verið sótt um leikheimild skv. reglum FIBA á því tímabili sem við á. Leikheimildir gefnar út af FIBA gilda aðeins fyrir hvert leiktímabil og þarf að sækja um nýja leikheimild hjá KKÍ á hverju ári. Hægt er að sækja um leikheimildir fyrir erlenda leikmenn eins og 3. gr. þessarar reglugerðar segir til um.

Ef beiðni um félagaskipti uppfyllir efnis- og formreglur reglugerðar þessarar, og þarfnast ekki meðferðar aga- og úrskurðarnefndar, skulu félagaskipti eða veiting leikheimildar vera samþykkt.

Ef beiðni um félagaskipti er synjað á grundvelli þessara reglugerðar skal hún endursend viðkomandi aðila sem fyrst frá móttöku ásamt stuttum rökstuðningi fyrir synjun. Ef einungis er um formgalla á beiðni að ræða skal gefa viðkomandi tveggja (2) sólarhringa frest til að bæta úr þeim göllum.

Ef úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar er þörf skulu félagaskipti miðast við úrskurðardag nefndarinnar.

6. grein

HEIMILD KKÍ TIL AFTURKÖLLUNAR

Stjórn KKÍ getur afturkallað félagaskipti einstakra leikmanna ef svo sannast að gögn sem lögð voru fram með umsókn voru röng eða fölsuð.

Þegar KKÍ hefur í huga að afturkalla félagaskipti á framangreindum grundvelli skal félagi/og eða leikmanni gefinn kostur á andmælum áður en ákvörðun er tekin. Afturköllun skal rökstudd og er kæránleg til aga- og úrskurðarnefndar.

7. grein

ÚRLAUSN UM ÁGREINING

Öllum ágreiningi um félagaskipti samkvæmt reglugerð þessari má skjóta til aga og úrskurðarnefndar, að uppfylltum kæruskilyrðum. Tilkynna skal aðilum um slíkt og metur agaog úrskurðarnefnd hvort nauðsynlegt er að fá sjónarmið þeirra. Ekki er nauðsynlegt að rökstyðja úrlausn nema aðilar sérstaklega óski eftir því eða nefndin telji slíkt æskilegt. Ekki er heimilt að áfrýja slíkri niðurstöðu til áfrýjunardómstóls.

8. grein

SÉRSTAKAR ÁSTÆÐUR

Aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að samþykkja félagaskipti einstaklinga yngri en 18 ára hvenær sem er ef sérstakar ástæður/aðstæður eru fyrir hendi. Ekki er nauðsynlegt að rökstyðja úrlausn og jafnframt er ekki heimilt að áfrýja slíkri niðurstöðu til áfrýjunardómstóls.